



Skóli Ísaks Jónssonar
Sjálfsseignarstofnun

Skólaráðsfundur í Skóla Ísaks Jónssonar
22. október 2019 kl 08:40 á kaffistofu skólans

Mætt: Ragnar Jón Ragnarsson fulltrúi foreldra, Sigríður Anna Guðjónsdóttir skólastjóri og Þóra Elísabet Kjeld fulltrúi kennara, Gunnhildur Jónsdóttir fulltrúi grenndarsamfélags, Höskuldur Sölvi Ragnarsson fulltrúi nemenda (8 ára SG) og Emma Svavarsdóttir fulltrúi nemenda (8 ára MBD).

Dagskrá:

1. Skólaárið 2018-2019

a) Nýir fulltrúar í Skólaráði

Sigríður Anna kynnir til leiks nýja fulltrúa nemenda í Skólaráði þau Höskuld Sölva og Emmu en þau eru í 8 ára bekk. Nýr fulltrúi foreldra er Anna María Guðnadóttir en hún tekur við af Aðalsteini Sigurðssyni. Sigríður spyr nemendur út í endurbætur á leikvelli. Þeir eru ánægðir með þær en óska eftir því að fá rólur á leikvöllinn. Nemendur ánægðir með matinn, væru samt til í að fá lamb eða grísabuff í raspi. Kvartað undan grænmetishamborgara. Nemendafélag Ísaksskóla ætlar að gera skoðanakönnun hjá nemendum og leyfa þeim út frá niðurstöðum að velja mat sem Móðir náttúra mun elda fyrir þá.

b) Lykiltölur

Nemendur við skólann eru 276 og ekki er pláss fyrir fleiri. Erum með þrjá 7 ára bekki. Voru tveir í fyrra með þriðja kennaranum.

c) Framkvæmdir

Búið að reisa nýja smiðju fyrir myndlist og textíl og hljóðeinangra þær. Búið að uppfæra gömlu smiðjuna sem hýsir núna heimilisfræðina. Búið að endurgera vinnuherbergi kennara. Vinnuaðstaðan er núna til fyrirmyndar.

2. Fjármál

Leigan verið hækkuð hjá skólanum í tvígang vegna mikilla framkvæmda. Sigríður Anna hefur unnið í leiðréttingum á greiðslum til skólans frá nágrannasveitafélögum og þau mál eru í höfn. Sigríður Anna óskaði líka eftir leiðréttingu frá Reykjavíkurborg vegna 5 ára nemenda og því hefur verið landað. Síðasti sigurinn er leiðrétting vegna frístundar. Sú vinna hefur skilað breytingum á lögum um frístund þar sem öll börn eiga nú rétt á að vera í frístund en þau tóku gildi 1. janúar 2018. Borgin kláraði þjónustusamning við skólann í sumar og samþykkti að greiða framlag frá ágúst 2018. Einnig hefur borgin gert samning um niðurgreiðslu eins og áður fyrir reykvísku börnin. Sveitarfélögin í Kraganum hafa einnig gert samning



Skóli Ísaks Jónssonar
Sjálfseignarstofnun

við skólann um sambærilegt framlag til frístundar en niðurgreiðsla til foreldra úr Kraganum á ekki við. Vel gert Sigríður Anna! Rekstur skólans gengur mjög vel. Skólinn er mjög vel mannaður og skólafélag gengur vel.

3. Önnur mál

- a) Helgi Grímsson hjá Skóla- og frístundaráði óskaði eftir upplýsingum frá skólanum um hvernig öryggisgæslu væri háttáð eftir alvarlegt atvik hjá Austurbæjarskóla. Sigríður Anna sendi honum ítarlegan lista um hvernig gæslunni væri háttáð hjá skólanum. Reykjavíkurborg hefur gefið út viðmið um hvernig öryggisgæslu við skóla skuli háttáð og stendur Ísaksskóla sig vel þegar kemur að því að uppfylla þessi viðmið.
- b) Niðurstöður viðhorfskönnunar foreldra 5 ára barna vorið 2019 81% foreldra svaraði og kom skólinn mjög vel út. Fengum eina athugasemd um að við gætum betur kallað eftir athugasemdum frá foreldrum.

Fundi slitið 09:40.

- 1. Fundartímar 2019-2020.** Ákveðið að halda fundartíma frá 08:40 . Ekki verður fundað á föstudögum